



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Velferðarsvið annist dreifingar á heimsendingum/akstri á mat frá framleiðslueldhúsi á Lindargötu 59 í heimahús og móttökueldhús félagsmiðstöðva velferðarsviðs.

Á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar 2018, var lögð fram að nýju meðfylgjandi tillaga sviðsstjóra, dags. 9. janúar 2018, um breytingar á akstri á heimsendum mat, sbr. 4. lið fundargerðar velferðarráðs 18. janúar 2018.

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu um að velferðarsvið sjái um heimsendingu/ akstur á mat, þ.e. dreifingu frá framleiðslueldhúsi á Lindargötu 59 í heimahús og móttökueldhús félagsmiðstöðva velferðarsviðs víðsvegar um borgina. Gert er ráð fyrir kaupum á þremur bifreiðum og að ráðnir verði starfsmenn til verksins. Í fjárhagsáætlun ársins 2018 er gert ráð fyrir 49,6 mkr. fyrir aðkeypta akstursþjónustu. Við breytinguna er gert er ráð fyrir stofnkostnaði er nemur 15 mkr. á árinu en heildarkostnaður á ársgrundvelli vegna akstursins næstu ár er áætlaður 28,3 mkr. Verulegur sparnaður felst í því að velferðarsvið sjái um alla þjónustukeðjuna og eftir að stofnkostnaður hefur verið greiddur er áætluð hagræðing af breyttu fyrirkomulagi um 19,3 mkr. á ári.

Greinargerð :

Matarþjónusta er mikilvæg þjónusta fyrir aldrað og fatlað fólk sem ekki getur eldað sjálft. Matnum er dreift frá framleiðslueldhúsi á Lindargötu 59 í heimahús og móttökueldhús félagsmiðstöðva velferðarsviðs víðsvegar um borgina. Með því að hafa alla þjónustukeðjuna á hendi framleiðslueldhússins verða betri möguleikar á eftirliti, auðveldara verður að bregðast við athugasemdum notenda og sjá til þess að afhending matarins gangi snuðrulaust fyrir sig. Einnig ætti yfirsýn yfir reksturinn að verða betri þar sem allt ferlið verður undir stjórn stjórnenda eldhússins.

Sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði.

Tillagan er hér með send borgarráði til kynningar.

Virðingarfyllst,


Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri



Reykjavík, 25. janúar 2018
VEL2018010035
324. fundur
RÁ/sea

Lagt fyrir fund velferðarráðs 1. febrúar 2018

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Tillaga:

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu um að velferðarsvið sjái um heimsendingu/akstur á mat, þ.e. dreifingu frá framleiðslueldhúsi á Lindagötu 59 í heimahús og móttökueldhús félagsmiðstöðva velferðarsviðs víðsvegar um borgina. Gert er ráð fyrir kaupum á þremur bifreiðum og að ráðnir verði starfsmenn til verksins. Í fjárhagsáætlun ársins 2018 er gert ráð fyrir 49,6 mkr fyrir aðkeypta akstursþjónustu. Við breytinguna er gert er ráð fyrir stofnkostnaði er nemur 15 mkr á árinu en heildarkostnaður á ársgrundvelli vegna akstursins næstu ár er áætlaður 28,3 mkr.

Verulegur sparnaður felst í því að velferðarsvið sjái um alla þjónustukeðjuna og eftir að stofnkostnaður hefur verið greiddur er áætluð hagræðing af breyttu fyrirkomulagi um 19,3 mkr á ári.

Greinargerð:

Matarþjónusta er mikilvæg þjónusta fyrir aldrað og fatlað fólk sem ekki getur eldað sjálft. Matnum er dreift frá framleiðslueldhúsi á Lindagötu 59 í heimahús og móttökueldhús félagsmiðstöðva velferðarsviðs víðsvegar um borgina. Með því að hafa alla þjónustukeðjuna á hendi framleiðslueldhússins verða betri möguleikar á eftirliti, auðveldara verður að bregðast við athugasemdum notenda og sjá til þess að afhending matarins gangi snuðrulaust fyrir sig. Einnig ætti yfirsýn yfir reksturinn að verða betri þar sem allt ferlið verður undir stjórn stjórnenda eldhússins.

Sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði.

Fylgiskjal 1



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 25. janúar 2018

VEL2018010035

324. fundur

SEA/þge

Lagt fyrir fund velferðarráðs 1. febrúar 2018

Minnisblað

Efni: Velferðarsvið tekur að sér að sjá um heimsendingu/ akstur á mat, þ.e. dreifingu frá framleiðslueldhúsi á Lindagötu 59 í heimahús og móttökueldhús félagsmiðstöðva velferðarsviðs

Forsaga:

Núgildandi samningur um akstur á mat þ.e. dreifingu frá framleiðslueldhúsi á Lindagötu 59 í heimahús og móttökueldhús félagsmiðstöðva velferðarsviðs víðsvegar um borgina var gerður þann 23. mars 2016 og gildi til 22. mars 2017, með heimild til framlengingar tvisvar sinnum um eitt ár. Samningurinn hefur verið framlengdur einu sinni, en möguleikar eru á að segja honum upp með 3 mánaða fyrirvara.

Greinargerð:

Matarþjónusta er mikilvæg þjónusta fyrir aldrað og fatlað fólk sem ekki getur eldað sjálft. Gæta þarf ítrustu nærgætni við alla þætti í þjónustukeðjunni, líka afhendingu máltíða. Á árinu 2017 voru eldaðir 98.085 matarbakkar og fjöldi notenda var 851 talsins. Samkvæmt samningi eru greiddar kr. 367 með vsk. pr. einingu af hverjum heimsendum matarbakka. Í desember 2017 voru sendar út 8.003 máltíðir. Kostnaðurinn var 2,9 mkr fyrir mánuðinn. Auk þess er sendur matur í 14 móttökueldhús félagsmiðstöðva og nemur sá kostnaður 820 þkr á mánuði. Heildarkostnaður vegna akstursins var 3,7 mkr fyrir desembermánuð 2017. Raunverulegur kostnaður er meiri vegna ýmissa tilfallandi aukasendinga en sá kostnaður er þó óverulegur. Heildarkostnaður ársins 2017 vegna aksturs var um 46,6 mkr eða 3,9 mkr á mánuði.

Geymsluþol matarins og tíðni heimsendinga

Maturinn er eldaður eftir svo kölluðu „cook and chill“ aðferð, þ.e. eldaður og hraðkældur í þar til gerðum kæli. Honum er síðan pakkað næsta dag í bakka sem jafnframt eru ætlaðir til að hita matinn í, annað hvort í venjulegum ofni eða örbylgjuofni. Maturinn hefur geymsluþol í að minnsta kosti fjóra daga. Viðmiðið er

samþykkt af heilbrigðiseftirlitinu. Frá upphafi hefur matnum verið keyrt í heimahús samdægurs. Ekki stendur til að breyta því fyrirkomulagi að svo stöddu.

Pörf á breytingu á fyrirkomulagi aksturs/afhendingu matar:

Reynslan hefur sýnt að það hentar ekki að hafa afhendingu matarins í höndum utanaðkomandi aðila því að um viðkvæma þjónustu er að ræða sem krefst stöðugar árvekni og nærgætni. Það hefur sýnt sig að þörf er á að starfsmenn framleiðslueldhússins sjái einnig um að afhenda máltíðirnar. Með því að hafa alla þjónustukeðjuna á einni hendi verða betri möguleikar á eftirliti, auðveldara að bregðast við athugasemdum notenda og sjá til þess að afhendingin gagni snuðrulaust fyrir sig.

Hagkvæmt er fyrir velferðarsvið að segja upp núverandi samningi og láta framleiðslueldhúsið sjá um aksturinn. Velferðarsvið myndi fjárfesta í tveimur rafmagnsbílum af gerðinni Renault til að sinna akstrinum, en notkun rafmagnsbíla er í takt við umhverfis – og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar þar sem gert er ráð fyrir að 75% af bílaflota borgarinnar falli undir skilgreiningu um visthæfa bíla. Bílarnir eru auk þess hagkvæmnir í rekstri og þær akstursleiðir sem þeir aka dag hvern eru vel innan marka hvað varðar uppgefna vegalengd á hleðslu. Enn fremur yrði fjárfest í einum bíl af gerðinni Ford Transit 4WD. Bílarnir verða allir sér útbúnir fyrir eldhúsið með kæli og hillum og merktir velferðarsviði. Settur verður upp hleðslukapall í bílastæðahúsi Vitatorgs þar sem bílarnir yrðu staðsettir utan þjónustutíma. Kapalinn gæti líka nýst bílum heimaþjónustunnar í Vesturbyggð. Gert er ráð fyrir að starfsmenn framleiðslueldhúss keyri út matabakkana og annist aðrar sendingar fyrir eldhúsið.

Með breyttu fyrirkomulagi mun framreiðslueldhúsið sjá um alla þætti þjónustukeðjunnar í framreiðslu matar og heimsendingu. Meiri samfella verður í þjónustunni, gæði henna aukast, yfirsýn verður betri ásamt eftirfylgni við notendur. Reksturinn verður auðveldari þar sem allt ferlið er undir stjórn stjórnenda eldhússins. Fyrirkomulagið býður upp á meiri samvinnu við heimaþjónustu/heimahjúkrun í Vesturbyggð, Miðbyggð og Efribyggð. Heimsendur matur er einn af þjónustubáttum heimaþjónustu og mögulegt að tengja t.d. innlit við heimsendinguna.

Verulegur sparnaður felst í því að velferðarsvið sjái um alla þjónustukeðjuna því eftir að stofnkostnaður hefur verið greiddur er áætluð hagræðing af breyttu fyrirkomulagi um 19,3 mkr á ári. Stefnt er að því að nýta fjárheimildina sem sparast til þess að ráða matreiðslumann svo hægt sé vinna hráefni frá grunni og lágmarka innkaup á tilbúnum mat.

Fjárhagsáætlun:

Miðað við óbreytta afhendingu í heimahús sjö daga vikunnar

Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna kaupa á bifreiðum verði 15 mkr fyrsta árið. Rekstur bifreiða er áætlaður um 1,1 mkr á ári. Launakostnaður er áætlaður 29,2 mkr á ári. Tekjur frá einstaklingum vegna heimsendingagjalds eru áætlaðar 19,9 mkr á ári, en ekki er gert ráð fyrir breytingu á gjaldi. Ráðið verður í 3,9 stöðugildi og 1,8 stöðugildi í sumarafleysingu. Verulegur sparnaður mun nást við að velferðarsvið sjái um aksturinn, því eftir að stofnkostnaður hefur verið greiddur er áætluð hagræðing 19,3 mkr á ári.

Tafla 1: Kostnaðaráætlun miðað við óbreytta afhendingu í heimahús sjö daga vikunnar.

Kostnaðaráætlun (mkr)

	Núverandi	Eftir breytingar	
		1. árið	2. árið
Kostnaður			
Launakostnaður		29,2	29,2
Kaup á bifreiðum		15,0	
Rekstur bifreiða		1,1	1,1
Áætlaður kostnaður vegna aksturs árið 2018	49,6		
Samtals kostnaður	49,6	45,3	30,3
Tekjur			
Áætlaðar tekjur vegna aksturs árið 2018	-19,9	-19,9	-19,9
Nettó kostnaður v. aksturs	29,7	25,4	10,4
Sparnaður pr. ár		4,3	19,3

Samantekt:

Matarþjónusta er mikilvæg þjónusta fyrir viðkvæman hóp notenda, þ.e. aldrað og fatlað fólk sem ekki getur eldað sjálft. Matnum er dreift frá framleiðslueldhúsi á Lindagötu 59 í heimahús og móttökueldhús félagsmiðstöðva velferðarsviðs víðsvegar um borgina. Hagkvæmt er að velferðarsvið festi kaup á bifreiðum og ráði starfsmenn til verksins. Verulegur sparnaður mun nást við þetta, því eftir að stofnkostnaður hefur verið greiddur er áætluð hagræðing 19,3 mkr á ári. Stefnt er að því að nýta hagræðinguna sem hlýst af þessu fyrirkomulagi til þess að ráða einn matreiðslumann til viðbótar svo hægt sé vinna hráefni frá grunni og lágmarka innkaup á tilbúnum mat. Meiri samfella verður í þjónustunni við að allt ferlið verði undir stjórn stjórnenda eldhússins, yfirsýn verður betri ásamt eftirfylgni við notendur hennar.